



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á
aldarafmæli ÍSí
28. janúar 2012**

Kæru vinir

Á þessum merku tímamótum er leitt að vera fjarri hátíðarhöldum, láta nánast hálfan hnöttinn skilja okkur að, en hugur minn er með ykkur öllum, sveitinni sem gert hefur ÍSí að einstæðu afli.

Saga þess er saga allra Íslendinga því sérhver geymir góðar minningar um fögnuð með samherjum eða íbúum í héraðinu heima, á félagsvelli eða í íþróttahúsi; þegar landsmenn fylgdust á ljósvakanum með úrslitastundum á Evrópumótum eða alþjóðavelli.

Fyrir fátæka þjóð, sem fyrir hundrað árum var að feta fyrstu sporin í stjórn eigin mála, varð íþróttahreyfingin kyndilberi, tákn þess að fullveldi í víðtækri merkingu væri raunhæft markmið og nýjum kynslóðum allir vegir færir.

ÍSí hefur gefið þjóðinni mikið: sigurvilja og samstöðu; en kannski er sjálfstraustið mikilvægast; kjarkurinn til að leggja í keppni, vita að agi og þjálfun geta skilað sigurlaunum.

ÍSí er burðarás í mannrækt og menningu; vettvangur þar sem styrkurinn birtist, ekki bara á gleðistundum heldur líka á tímum erfiðleika.

Þetta hefur sannast á nýliðnum árum þegar þjóðin glímdi við mikil áföll. Þá var íþróttahreyfingin afl sem treysti eindrægni og samstöðu í byggðarlögum, þorpum, sveitum, úthverfum höfuðborgar, vinnustöðum, vinahópum og fjölskyldum – félagsleg auðlind sem átti ríka hlutdeild í batanum og því að þjóðin fann á ný hin góðu gildi.

Íþróttahreyfingin er vettvangur þar sem þúsundir sjálfboðaliða koma að verki. Aðildarfélögin ná um landið allt; spanna fjölda greina. Þótt

iðkunin sé ólík eru markmiðin hin sömu: að rækta getu allra, tengja kynslóðir saman í leik og starfi.

ÍSÍ hefur líka breytt sýn okkar á samfélagið; kallað almenning til þátttöku; hvatt til hollustu og heilbrigðis; verið öflugt í hvers konar forvarnarstarfi.

Hugsjónirnar hafa frá upphafi tekið mið af draumum um betra líf, gleðistundum með félögum í keppni og þjálfun, kraftinum sem samstaðan færir sérhverju samfélagi.

Saga hinna fyrstu 100 ára er í senn kærkomið veganesti og vitnisburður um framlag þúsundanna sem helgað hafa ÍSÍ krafta sína.

Það er gæfa Íslendinga að í upphafi nýrrar aldar skuli ÍSÍ vera öflugra en nokkru sinni fyrr; sóknarviljinn ríkulegur.

Ég flyt ykkur, kæru vinir, þakkir og árnaðaróskir þjóðarinnar.